



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [sveitarstjori@myv.is](mailto:sveitarstjori@myv.is)

## Landbúnaðar- og girðinganefnd

### 9. fundur.

Fundur haldinn í Landbúnaðar- og girðinganefnd 13. desember 2016 kl 10:30.

Mættir: Böðvar Pétursson, Halldór Árnason, Sólveig E. Hinriksdóttir og Birgir Hauksson fjallskilastjóri.

Dagskrá:

1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Uppgjör fjallskila 2016  
Gangnaskýrslur bárust frá gangnaforingja Norðurfjalla og frá fjallskilastjóra vegna Herðubreiðalinda – Grafarlanda og Fella, einnig skýrsla frá Álfdísi vegna fjár sem kom sunnan línu úr Landbótaáætlun.  
Fjárfjöldi í hreppnum er 4.466, og er girðingagjaldið kr. 87 per kind. Engir reikningar bárust og því er gjallskilasjóðsgjaldið ekkert.  
Sautján kindur voru teknar sunnan Landbóta/gæðastýringarlínu þær færðar í skrá og eigendum þess fjár send tilkynnig um að óheimilt sé að sleppa því fé í afrétt.  
Í haust voru teknar tvær kindur í Herðubreiðalindum og Fjallagjá sem höfðu verið teknar í Herðubreiðalindum 2014 og 2015. Samkvæmt ýmsum fyrirmælum er óheimilt að sleppa þessu fé í afrétt og algerlega óforsvaranlegt að ekki sé farið eftir þeim fyrirmælum. Þessum einstaklingum sent bréf.  
Í febrúar voru sóttar þrjár kindur í Herðubreiðarlindar. Samþykkt að eigandi þeirra greiði fyrir það.
3. Önnur mál  
Girðingamál – hreppagirðing frá Laxá að Sandvatni hefur orðið útundan í viðgerðum á girðingum á sumrin og verður að ráða bót á því.  
Hofsstaðaland – Íslenska ríkið á landið í dag en hefur ekki séð um smala það, heldur hafa bændur gert það á sinn kostnað. Finna þarf þessu máli eðlilegan farveg.  
Aðhaldið á Hlíðardal – fyrir næsta haust verður að laga aðkomuna að aðhaldinu, fjallskilastjóri sér um að það verði gert.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Böðvar Pétursson

Halldór Árnason

Sólveig E. Hinriksdóttir

Birgir V. Hauksson